

Ed.

66. Nefndarálit

um frv. til laga um brúargerðir (þskj. 9).

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp sama efnis hefir legið fyrir tveim síðustu þingum. Í bæði skiptin hefir Ed. afgreitt málið, en það dagað uppi í Nd. Á vetrarþinginu samþykkti Ed. frv. óbreytt eins og stjórnin þá lagði það fyrir þingið, en á sumarþinginu bætti deildin allmörgum brúm við.

Í þetta frv. hafa verið teknar flestar þær brýr, sem deildin setti inn á síðasta þingi, en þó er nokkrum þeirra sleppt. Tveir nefndarmanna leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hinn þriðji (HSteins) ber fram breytingartillögur og fylgir frv. því aðeins, að þær till. nái samþykki.

Alþingi, 1. marz 1932.

Páll Hermannsson,
form. og frsm.

H. Steinsson,
fundaskr., með fyrirv.

Ingvar Pálmason.